

Bráðabirgðaákvæði.

68

Kirkjumálaráðherra er heimilt að láta reisa eða kaupa prestsseturshús í Höfða-
kaupstað, enda fylgi því að minnsta kosti 5 hektara ræktunarland, og að því loknu
að leigja eða selja jörðina Höskuldsstaði.

24. apríl

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1954.

Ólafur Thors. Jörundur Brynjólfsson. Árni Tryggvason.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G

69

24. apríl

um breyting á lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki
voru:

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Merkjamál sæta að öðru leyti en því, sem í lögum þessum greinir, hinni venju-
legu meðferð einkamála í héraði.

2. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Um áfrýjun merkjamála til hæstaréttar og meðferð þeirra þar fer eftir almenn-
um reglum.

3. gr.

Síðari másl. 18. gr. laganna falli niður.

4. gr.

Með lögum þesum eru úr gildi numin lög nr. 40 31. maí 1927.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Merkjámál, sem þingfest hafa verið fyrir gildis-
tökudag laganna, fara eftir eldri reglum.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1954.

Ólafur Thors. Jörundur Brynjólfsson. Árni Tryggvason.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.